Nr. 52.
10.
nóvbr.

# Lög

um

## stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, **Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofnfje Fiskiveiðasjóðs Íslands er 100,000 kr., er landssjóður leggur fram í skuldabrjefum fyrir lánum til þilskipakaupa og í peningum.

Við stofnfjeð bætist fyrst um sinn $^1/_3$ sektafjár, er í landssjóð rennur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, að meðtöldu $^1/_3$ netto-andvirðis þess, er landssjóði greiðist fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpunga eptir að lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Til sjóðsins leggur landssjóður 6,000 kr. tillag á ári hverju, er telst með árstekjum hans.

3. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðsins er að efla fiskiveiðar- og sjávarútveg landsmanna.

Stofnfjeð má aldrei skerða. Skal því og árstekjum sjóðsins varið til lánveitinga til skipakaupa og veiðarfæra og hvers konar atvinnubóta við fiskiveiðar. Tekjunum má og verja til að styrkja efnilega unga menn til að kynna sjer veiðiaðferðir, fiskverkun og annað, er lýtur að sjávarútvegi, meðal erlendra þjóða. Svo og til þess að styrkja tímarit um fiskiveiðar og annað, er að sjávarútvegi lýtur. Enn fremur má verja nokkru af tekjunum til verðlauna fyrir framúrskarandi atorku og eptirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum og meðferð fiskjar.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 52.
10.
Novbr.

om

## Oprettelse af Islands Fiskerifond.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Islands Fiskerifonds Grundkapital er 100,000 Kr., der tilskydes af Landskassen i Obligationer udstedte for Laan til Indkøb af Dæksfartøjer samt i Penge.

Til Grundkapitalen henlægges indtil videre $^1/_3$ af de Bøder, der tilfalde Landskassen for ulovligt Fiskeri paa Søterritoriet tilligemed $^1/_3$ af Nettoprovenuet af den fra Trawlfartøjer konfiskerede Fangst og Fangstredskaber, der efter denne Lovs Ikrafttræden tilfalder Landskassen.

§ 2.

Landskassen yder Fonden et aarligt Tilskud af 6,000 Kr., der henregnes til dens Aarsindtægter.

§ 3.

Fondens Øjemed er at befordre Landets Fiskeribedrift.

Grundkapitalen kan aldrig angribes. Denne tilligemed Fondens aarlige Indtægter anvendes til Laan til Indkøb af Skibe og Fangstredskaber og til andre til Fiskeriernes Udvikling tjenende Foranstaltninger. Indtægterne kan ogsaa anvendes til Undertøttelse for lovende unge Mænd til udenlands at gøre sig bekendt med Fiskerimetoder, Tilvirkning af Fisk og andet Fiskeribedriften vedrørende, samt til Understøttelse af Tidsskrifter for Fiskeri og Fiskeriinteresser. Endvidere kan en Del af Indtægterne anvendes til Præmier for udvist fremragende Dygtighed og for saadanne Nyheder vedrørende Fiskeri og Fisketilvirkning, der kan tjene andre som Eksempel.

Nr. 52.
10.
nóvbr.

4. gr.

Landsstjórnin hefur á hendi stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugjörð um lánveitingar og úthlutun verðlauna.

Skipulagsskráin skal staðfest af konungi.

Verði stofnað almennt fiskiveiða- eða útgerðarfjelag fyrir land allt, í nokkurri líking við Búnaðarfjelag Íslands, skal leita álits slíks fjelags um lánveitingar, styrkveitingar og verðlaunaveitingar þær, er um ræðir í 3. gr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*H. Hafstein.*

§ 4. Nr. 52. 10. Novbr.

Fondens Bestyrelse varetages af Regeringen, der udarbejder en Fundats for Fonden samt et Reglement om Bevilling af Laan og Uddeling af Præmier.

Fundatsen forsynes med kongelig Stadfæstelse.

For saa vidt der stiftes et almindeligt Fiskeri- eller Rederiselskab for hele Landet i Lighed med Islands Landbrugsselskab, skal der fra Selskabet indhentes Betænkning om de i § 3 omhandlede Bevillinger af Laan, Understøttelser og Præmier.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 10. November 1905.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*